

notuð til flutninga með ströndum fram, þau hlunnindi, að mega sigla gjaldfrí í gegnum skurðinn. Englendingar og margir fleiri eru æfir á móti þessu og segja það brot á samningum, sem gerðir voru áður en byrjað var að grafa skurðinn. Láti Bandaríkjastjórnin ekki undan síga, verður málið að líkindum lagt í gerð.

---

Hroðalegar sögur hafa borist frá Suður-Ameríku um meðferð á Indíanum, sem hvítir menn nota til að ná fyrir sig teygikvoðu (India-rubber) úr skógunum þar. Félög, sem verzla með teygikvoðuna, gera samninga við þarlenda hvíta menn að útvega hana, en þeir aftur á móti ná Indíanum á sitt vald og láta þá vinna fyrir sig. Neiti Indíanarnir að vinna, eða afhjúki minna verki en þeim er ætlað, eru þeir kvaldir á hryllilegasta hátt, og jafnvel drepnir. Sögur þessar hafa vakið eftirtekt í öllum siðnum löndum, og hafa þeir sem hlut eiga að máli orðið fyrir þungum áfellsdómi, sem við er að búast.

---

Fyrir skömmu dó á Englandi fræðimaðurinn Andrew Lang. Hann var einn hinn fjölhæfasti maður, sem uppi hefir verið á Englandi og þó víðar sé leitað. Hann var sagnfræðingur, bókmentafræðingur, mannfræðingur, heimspekingur og margt fleira. Hann lagði stund á rannsókn fornra trúarbragða og andatrúar-fyrirbrigða, gamlar þjóðsagnir, knattleika og lifnaðarháttu fiska. Hann ritaði mestu undur í blöð og tímarit, og afkastaði framúrskarandi miklu sem rithöfundur. Auk þess var hann allgott skáld og orti nokkuð. Í öllum þessum greinum var hann vel að sér. Hann var fremur heilsutæpur, og er fjölhæfni hans og afkastasemi enn þá undraverðari fyrir það.

---

Japanskeisarininn nýji er 31 árs gamall; hann er þriðji sonur föður síns og einn af tólt systkinum. Tveir eldri bræður hans dóu, og þess vegna var hann valinn til að verða keisari. Hann er vel mentaður og ta'ar þrjú Vesturlandamál, ensku, þýzku og frakknesku. Hann yrkir bæði á japönsku og kínversku. Í siðum sínum semur hann sig mikið að háttum vestrænna þjóða; og